



# Árs- og gagnsæisskýrsla 2025-2026

Forsíðuna prýðir Björgvin Halldórsson, sem við kvöddum nýlega.  
Á hartnær 60 ára ferli hljóðritaði hann hátt í þúsund lög og skilur því eftir sig afar djúp  
spor í íslenskri tónlistarsögu. Við þökkum fyrir Bo og allt hans góða starf.  
(Mynd: Mummi Lú)

## EFNISYFIRLIT

Ávarp framkvæmdastjóra .....	3
Ávarp stjórnarformanns .....	4
Starf stjórnar og skrifstofu frá maí 2025 til maí 2026:	
Skipan stjórnar STEFs .....	5
Nýkjörið fulltrúaráð .....	5
STEF, TONO og Teosto hefja samstarf við ICE .....	6
Spotify eður ei? .....	6
Fundað með forráðafólki Spotify í Svíþjóð .....	7
Breytingar á samþykktum varðandi aðild að STEFi .....	8
Tónheilsusjóður STEFs stofnaður .....	9
Tónskáldasjóður Bylgjunnar & Stöðvar 2 lagður af .....	10
Verðskrá fyrir „samsetta“ viðburði .....	10
Verðskrá fyrir vörusýningar .....	10
Verðskrá fyrir gusur .....	10
Tónlist í auglýsingum. Hvað, hví, hvernig? .....	10
Breyting á úthlutun v. tónlistar við kirkjulegar athafnir .....	11
Samningur við On Music v. skráninga .....	11
Verndaðu verkin hjá Musicstart .....	11
Skattamálaskýringar .....	12
Ákvæði um „grafíska framsetningu“ bætt í aðildarsamning .....	12
Kallað eftir lagalistum af böllum .....	12
Skráning laga á Spotify - Áminning .....	12
Ytra umhverfi:	
KODA stefnir Suno: „Stærsti þjófnaður tónlistarsögunnar“ .....	13
GEMA hafði sigur í málsókn gegn OpenAI .....	13
Tónlist er mikils virði. Staðfest. ....	14
Ýmislegt úr starfinu:	
Bríet hlaut „Langspilið“ 2025 .....	15
Þormóður fékk „Langspilið“ í ár .....	15
Íslensku tónlistarverðlaunin 2026 .....	16
Dagur íslenskrar tónlistar .....	17
Ragga Gísla heiðursmerkt .....	18
Karólína heiðurskona .....	18
KK heiðraður .....	19
Tómas R. hlýtur heiðursmerki .....	19
Ört vaxandi höfundar verðlaunaðir á menningarnótt .....	20
Viðburðir, vinnustofur og fleira:	
Söngtextanámskeið Vigdísar .....	21
„Smellasmíði“ #4 .....	21
AIRSONGS – Lagasmíðabúðir ISC .....	21
SyncCamp '25 í Póllandi .....	21
Ráðstefnuhluti Airwaves 2025 .....	21
Lagasmíðabúðirnar Nordic Music Camp .....	22
Fræðslu- og kynningarfundir .....	22
Tengd félög, nefndir og ráð .....	23
Menningarsjóður STEFs .....	24
Ráðstöfun menningarframlags STEFs af hálfu aðildarfélaganna:	
Greinargerðir FTT og TÍ .....	25-26
Tölfræði og nokkrar lykiltölur úr ársreikningi 2025 .....	27-33



## ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Þegar starfsárið er gert upp þá horfir maður fyrst og fremst á niðurstöðu ársreiknings og það, hvernig STEF er að rækta meginhlutverk sitt; að innheimta höfundaréttargjöld og úthluta þeim áfram. Það er virkilega gaman að sjá að í ár náðum við þeim áfanga að heildartekjur STEFs fóru yfir 1,5 milljarð, sem er tæplega 20% hækkun milli ára. Þetta er auðvitað ekki eitthvað sem hægt er að búast við að endurtaki sig ár eftir ár. Þakka ber frábæru teymi STEFs fyrir glæsilegan árangur, því svona gerist ekki af sjálfu sér. Þau geta verið erfið símtölin sem þarf að taka reglulega. Vert er þó geta þess, að í langflestum tilvikum á STEF í mjög góðum samskiptum við viðskiptavini og fyrir það ber að þakka.

Að mörgu leyti held ég að STEF, tónlist og menning yfir höfuð standi nær Íslendingnum en við sjáum í nágrannalöndum okkar. Við eigum eflaust heimsmet miðað við höfðatölu í því að sækja menningarviðburði og það virðist vera tónlistarmaður í hverri einustu fjölskyldu. Nýleg rannsókn Hagstofunnar leiðir í ljós að tónlist virðist n.k. „þjóðarsport“ Íslendinga, en 48% þjóðarinnar syngur eða spilar á hljóðfæri, auk þess sem tónlist er vinsælasta áhugamál landans.

„En þótt Íslendingar hlusti mikið á tónlist, þá vildum við sjá íslenska tónlist hafa hærrí markaðshlutdeild í streymi hérlendis og þar af leiðandi sjá hærrí tekjur til íslenskra höfunda fyrir streymi.“

En þótt Íslendingar hlusti mikið á tónlist, þá vildum við sjá íslenska tónlist hafa hærrí markaðshlutdeild í streymi hérlendis og þar af leiðandi sjá hærrí tekjur til okkar höfunda fyrir streymi. Auðvitað eigum við ekki jafn marga titla til að velja úr og aðrar þjóðir, en þó er alls ekki hægt að segja að það skorti úrvalið.

70% hlustunar streymis á sér stað í gegnum lagalista og að þeir listar sem birtast neytendum eru alls ekki hlaðnir íslenskrri tónlist. A.m.k. má segja það um lagalista sem ætlað er að skapa tiltekna stemningu og eru án söngs. Í dag eru slíkir listar meira eða minna hlaðnir lögum eftir „gervilistamenn“ og má gera að því skóna að stór hluti þeirrar tónlistar sé framleiddur með gervigreind. Hún er jú ódýrari fyrir veiturnar, þar sem af henni er ekki greitt til höfunda, útgefenda eða flytjenda.

Á nýafstöðnum fundi sendinefndar með Spotify í Stokkhólmi kom í ljós að Spotify ritstýrir bara tveimur lagalistum sem eru ætlaðir íslenskum notendum, á meðan Finnland hefur tíu slíka lista og aðrar Norðurlandþjóðir enn fleiri. Spotify gæti hæglega bætt úr þessu, auk þess að hafa innan sinna vébanda aðila sem hefur sérþekkingu á íslenskrri tónlist. En hérlendir neytendur geta líka lagt sitt af mörkum, með því að vera vakandi og hlusta meira á íslenska tónlist, líka þegar þeir hafa þægilega tónlist í bakgrunni.

Þetta starfsár hefur markast af því að við veittum fjórum merkum tónhöfundum heiðursmerki, eins og fram kemur hér í skýrslunni. Er þeim þakkað framlag sitt til íslenskrar tónlistar. Alls hafa nú 33 hlotið heiðursmerki STEFs, en aldrei höfum við veitt jafnmörg merki á einu starfsári. Líklega bætist enn hópinn síðar á árinu og næstu ár, þar sem við eigum það marga mikilshæfa höfunda sem komnir eru vel yfir miðjan aldur og maklegt að þakka fyrir en síðar sitt góða ævistarf og alla þá ánægju sem þau hafa veitt okkur.

Reykjavík, 6. maí 2026  
Með vorkveðju.

Guðrún Björk Bjarnadóttir

## ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Í vor kýs fulltrúaráð sér nýja stjórn, sem mun leiða starfsemi STEFs næstu tvö árin. Samstarfið síðastliðin tvö ár hefur verið gott og traust ríkt á milli stjórnarmeðlima.

Um stöðu STEFs í dag má segja að tvennt standi upp úr. Samtökin eru að skila sínu stærsta uppgjöri frá upphafi með veltu upp á um 1.5 milljarð. En á meðan eru aðrar áskoranir framundan. Gervigreind er langstærsta málið sem höfundarréttarsamtök heimsins standa frammi fyrir. Í raun má segja að sú þróun sé á ógnarhraða og erfitt að segja til um hvernig næstu skref verða.

Í gangi eru lögsóknir stærri höfundarréttarsamtaka á hendur stóru fyrirtækjunum á sviði gervigreindar og mun útkoman úr þeim væntanlega skýra línurnar. En þetta tekur tíma og í millitíðinni má segja að ástandið sé eins og í villta vestrinu. Allir grípa það sem þeir geta og hugsa um afleiðingarnar seinna.



„Framundan er barátta og hagsmunagæsla sem við hættum ekki fyrr en ástandið batnar.“

Málefni Tónlistarmiðstöðvar eru mér sömuleiðis hugleikin. Tilkoma miðstöðvarinnar hefur verið eitt stærsta skref sem stigið hefur verið í íslensku tónlistarlífi seinni árin, sennilega það stærsta frá opnun Hörpu. Starfið sem þar er unnið er gríðarlega metnaðarfullt og starfsfólkið býr yfir viðamikilli sérþekkingu á öllum sviðum tónlistarlífsins. Því eru það vonbrigði að sjá að ráðuneytið sýnir miðstöðinni ekki meiri stuðning en raun ber vitni. Í ár nam niðurskurður 10 milljónir og á næstu tveimur árum er fyrirhugað að niðurskurðurinn verði jafn mikill. Gleymum svo ekki verðbólgunni sem bætist þar ofan á. Ef þetta gengur eftir, þá er miðstöðin komin á sama stað og ÚTÓN var áður en miðstöðin var stofnuð. Það má því spyrja sig hvers vegna var lagt af stað í þessa vegferð.

Í þessum málum sem og öðrum er niðurstaðan alltaf sú sama. Framundan er barátta og hagsmunagæsla sem við hættum ekki fyrr en ástandið batnar.

Stofnun Tónlistarmiðstöðvar á síðasta ári var sennilega besta gæfuspor íslensks tónlistarlífs í lengri tíma. Þó er það þannig, að miðstöðin er strax komin í fjárþröng eftir kröfu um niðurskurð frá ríkinu. Við þurfum öll sem eitt að taka höndum saman og tala fyrir málstað miðstöðvarinnar. Þar er of mikið að veði.

Reykjavík, 8. maí 2026

Páll Ragnar Pálsson

Páll Ragnar Pálsson

# STARF STJÓRNAR & SKRIFSTOFU - MAÍ '25 TIL MAÍ '26

Í skýrslunni er að finna helstu verkefni og stefnumál STEFs á ofangreindu tímabili, lykiltölur úr rekstri og yfirlit yfir starfsemi og úthlutanir STEFs. Þá er hér einnig að finna lit yfir stjórnskipan STEFs og upplýsingar um þá sem STEF hefur tilnefnt í hinar ýmsu nefndir og ráð, svo og þá sem gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir samtökin.

## Skipan stjórnar STEFs á liðnu starfsári:

**Páll Ragnar Pálsson**, formaður  
**Bragi Valdimar Skúlason**, varaformaður  
**Halldór Smáráson**  
**Hallur Ingólfsson**  
**Hildur Kristín Stefánsdóttir**  
**Magnús Jóhann Ragnarsson**  
**Sóley Stefánsdóttir**

Varamenn í stjórn voru Bergrún Snæbjörnsdóttir, Logi Pedro Stefánsson, Eðvarð Egilsson, Steinar Baldursson, Þuríður Jónsdóttir, Hrafnkell Pálmarsson og Bergur Þórisson.

## Nýkjörið fulltrúaráð

Nýtt fulltrúaráð var kjörið í aprílmánuði s.l. Ráðið er æðsta stofnun STEFs, kjörið af almennum félagsmönnum til tveggja ára í senn og skipað 21 fulltrúa. Formenn aðildarféлага STEFs (Tónskáldafélags Íslands og Félags tónskálda og textahöfunda) eru sjálfkjörnir, en 19 fulltrúar kjörnir í kosningu sem fram fer annað hvert ár. Í samþykktum kveður á um að hið minnsta fimm af kjörnum fulltrúum skuli koma úr hvoru aðildarfélagi og fimm hið minnsta úr hópi rétthafa utan féлага.

Alls bárust 34 framboð. Niðurstaðan varð sú, að fulltrúaráð STEFs 2026-2028 verður þannig skipað:

Andri Ólafsson (FTT)	Karl Olgeirsson (FTT)
Anna Gréta Sigurðardóttir (FTT)	Karl Örvarsson (FTT)
Árni Páll Árnason (utan féлага)	Klara Ósk Elíasdóttir (FTT)
Barði Jóhannsson (FTT)	Logi Pedro Stefánsson (FTT)
Bergrún Snæbjörnsdóttir (TÍ)	Magnús Jóhann Ragnarsson (utan féлага)
Bergur Þórisson (utan féлага)	María Huld Markan (TÍ)
Bragi Valdimar Skúlason (FTT) – form. FTT	Óttarr Proppé (utan féлага)
Halldór Smáráson (TÍ)	Páll Ragnar Pálsson (TÍ) – form. TÍ
Hallur Ingólfsson (FTT)	Sóley Stefánsdóttir (FTT)
Hildigunnur Rúnarsdóttir (TÍ)	Þuríður Jónsdóttir (TÍ)
Hrafnkell Pálmarsson (FTT)	

Á aðalfundi ráðsins þann 21. maí n.k. mun nýtt ráð kjósa sér formann og nýja stjórn STEFs til næstu tveggja ára. Þess má geta, að fyrir fundinum liggur tillaga um að lengja kjörtímabil ráðsins og þar með stjórnar, færa það úr tveimur árum í þrjú. Einnig tillaga um að framkvæmd kosninga skuli framvegis vera eingöngu rafræn (nema nauðsyn krefjist annars). Með slíkri breytingu er hægt að hafa tímaramma kosninga styttri og hefja undirbúning þeirra síðar á árinu, en núgildandi tímalengd var sniðin að kosningu bréfleiðis.

## STEF, TONO og Teosto hefja samstarf við ICE

Nýlega var greint frá því að samtökin STEF, Teosto (Finnland) og TONO (Noregur) hefðu gengið til samstarfs við International Copyright Enterprise (ICE).

Að undangenginni þarfagreiningu og ígrunduðu úrræðamati, þá hófu téð samtök þann 1. janúar sl. innleiðingu í kerfið „ICE Core“, hvað varðar leyfisveitingar og bakvinnslu. Samtökin hafa innan sinna raða samtals u.þ.b. 90.000 tónskáld og textahöfunda, en þau hafa nú bæst í hóp 10 annarra stórra höfundaréttarsamtaka, sem ICE hefur þjónustað um árabíl.




„Við erum spennt að taka á móti Teosto, TONO og STEF inn í ört stækkandi ICE Core. Þar sem öll samtökin eru nú þegar viðskiptavinir ICE í sambandi við höfundaréttarmál, þá er ákvörðun þeirra um treysta okkur einnig fyrir leyfisveitingum og bakvinnslu til vitnis um styrk þjónustu okkar og trú samtakanna á tæknilegum „end-to-end“ lausnum sem við höfum þróað á liðnum árum.

Við kunnum að meta traustið, sem veitir okkur í leiðinni tækifæri til að auka og bæta þjónustu okkar til viðskiptavina. Við munum að sjálfsögðu leggja okkur í framkróka við að gæta réttinda höfunda þessara samtaka og erum staðráðin í að tryggja þeim sem mesta arðsemi“.

—Ben McEwen, framkvæmdastjóra hjá ICE.

Vonir standa til þess að úthlutun v. streymis muni aukast nokkuð á næstu árum, í ljósi sterkar stöðu ICE sem er leiðandi á sviði fjölbjóðlegra leyfisveitinga fyrir stafræna tónmiðlun og hefur veitt yfir 100 fjölbjóðlegum aðilum leyfi í 245 löndum.



## Spotify eður ei?

Undanfarið hefur orðið vart við umræðu á meðal meðlima STEFs um það, hvort skynsamlegt sé að mótmæla þeim kjörum og starfsaðstæðum sem Spotify býður upp á, með því að fjarlægja tónlist af veitunni.

Eitt af því sem stjórn STEFs hefur rætt mikið á liðnum árum, er íslenski streymismarkaðurinn, hin markaðsráðandi staða Spotify og það, hvernig veitan hefur að okkar mati aðhafst ýmislegt sem hægt væri að meta sem misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Spotify ræður yfir 98% af íslenska streymismarkaðnum! Í ljósi þess liggur í augum uppi, að það er engan veginn raunhæft fyrir íslenskt tónlistarfólk að ætla sér að ganga frá því borði. Það eina sem slíkt hefði í för með sér, yrði að þetta tónlistarfólk færi varhluta af mögulegum streymistekjum, án þess að nokkuð annað kæmi í staðinn.

Jafnvel þótt langflest íslenskt tónlistarfólk færi út af veitunni, þá myndi það líklega ekki breyta miklu. Íslenskir neytendur myndu eftir sem áður langflestir halda áfram sem áskrifendur að Spotify og þróunin yrði þá sú, að þeir myndu streyma enn meira af erlendri tónlist, þannig að íslenskt tónlistarfólk fengi þá enn minna í sinn hlut en nú er.

Hlutfall streymis á íslenski tónlist, miðað við heildarstreymi tónlistar hér á landi, er nú þegar mjög lágt, ekki nema 14.8% (þá er miðað við hlutfall höfundaréttartekna, en hlutfall til útgefanda getur verið annað og virðist vera nokkuð hærra). Þetta er raunar mun lægra innlent hlutfall en við sjáum í nágrennalöndum okkar.

Því hefur verið fleygt, að ástæða fyrir lágu hlutfalli streymis íslenskrar tónlistar hérlendis, sé sú að einstakir höfundar, sem náð hafa heimsfrægð, hafi kosið að vera í erlendum höfundaréttarsamtökum. Sú röksemdarfærsla stenst þó ekki, þar sem þessir aðilar eru nær undantekningalaust í STEFi fyrir notkun

tónlistar þeirra hér á landi. Viðkomandi eru þá í erlendum höfundaréttarsamtökum fyrir flutning á öðrum svæðum heimsins. En auk þess eru þetta það fáir aðilar, að það ætti ekki að hafa mikil áhrif á heildarmyndina.

Tekjur fyrir streymi tónlistar þeirra hér á landi fara þannig í gegnum STEF. Þess ber einnig að geta, að stærri höfundar eru mjög oft með samninga við erlenda forleggjara, sem kveða á um skiptingu höfundaréttartekna milli höfunda og forleggjara og því rennur stór hluti tekna vegna verka þeirra (oft 50%) til þeirra erlendu samtaka sem forleggjarar þeirra eru meðlimir í. Þessar höfundaréttartekjur til erlendra forleggjara teljast því ekki með í ofangreindu 10% hlutfalli. Það skiptir því máli í stóra samhenginu, að hér á landi séu starfandi öflugir tónlistarforleggjarar, en á þann hátt væri hægt að auka tekjur tónlistargeirans hér á landi.

Það sem við getum þó gert á þessum tímamarki, er að láta í okkur heyra og reyna að setja meiri þrýsting á Spotify um að bjóða upp á sanngjarnara vinnuumhverfi fyrir tónlistarfólk. Það erum við að reyna í gegnum samstarf okkar við hin Norðurlöndin og samninga okkar við Spotify.

Við sem neytendur getum þó ákveðið að færa okkur á aðrar veitur og þannig farið með peningana okkar annað. Þess ber þó að geta, að „gervilistamenn“ og gervigreindartónlist fyrirfinnst einnig á öðrum veitum og umhverfið er ekki endilega betra þar.

Það sem sárlega vantar á aðrar veitur eru lagalistar með íslenskri tónlist, sem hafa þó byggst upp á Spotify í áranna rás. Þannig er t.d. erfitt að finna lagalista með 'rólegri íslenskri tónlist', 'rómantískri íslenskri tónlist', 'útilegulögum' o.s.fv. á öðrum veitum en Spotify. Stór hluti streymis íslenskrar tónlistar á Spotify á sér stað á slíkum listum.

Við sem neytendur getum líka lagt okkar af mörkum með því að nota slíka lagalista með íslenskri tónlist, þegar við viljum hafa þægilega tónlist í bakgrunni og nota ekki einvörðungu lagalista sem eru ritstýrðir af Spotify, sem eru núorðið nokkuð útpynntir með „ódyrari“ lögum, gerðum af gervigreind eða gervilistamönnum, en tekjur af slíkum verkum fara ekki í gegnum hefðbundin höfundaréttarsamtök og bara að hluta í gegnum hefðbundna útgefendur.

Niðurstaðan er því sú, að viðskiptahættir Spotify eru alls ekki ásættanlegir. Engu að síður, á meðan ekkert skárar er í boði, þá mælum við ekki með því við okkar meðlimi, að þeir takið tónlist sína þaðan út. Við verðum síðan að vona að framtíðin feli í sér annað og betra starfsumhverfi.


## Fundað með forráðafólki Spotify í Svíþjóð

Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, María Rut Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Tónlistarmiðstöðvar, og Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri STEFs, fóru þann 22. apríl sl. fyrir fríðu föruneyti fulltrúa hagsmunaaðila í tónlist á fund með Spotify í Stokkhólmi. Markmið fundarins var að ræða framtíð íslenskrar tónlistar á streymisveitunni og styrkja stöðu íslensks tónlistarfólks.

Sendinefndin vakti athygli á því, að markaðshlutdeild Spotify á Íslandi væri afar há, eða 97%. Á sama tíma er hlutfall íslenskrar tónlistar af heildarneyslu hér á landi einungis um 20%, sem telst lágt í samanburði við mörg önnur lönd og mun lægra en var fyrir tilkomu streymis.

„Við vitum að margt spilar þarna inn í, en vildum fá eins glögga mynd af stöðunni og mögulegt er. Því óskuðum við eftir frekari gögnum um hlustunarmynstur á Íslandi, um það hvernig fólk uppgötvar tónlist á streymisveitunni og árangur íslenskra listamanna, auk samanburðar við önnur Norðurlönd,“ sagði Logi. Hann taldi einnig skipta máli að hafa áhuga á samlöndum sínum og vilja til þess að kynna sér nýja tónlist.

„Þrátt fyrir að streymi hafi aukið tekjur af tónlist á heimsvísu eftir langvarandi niðursveiflu, þá hefur hlutur íslenskrar tónlistar af heildartónlistarneyslu hér á landi dregist verulega saman með tilkomu Spotify og



er nú um 20%, samanborið við um 65% að meðaltali á árunum 2001–2015. Það er brýnt mál fyrir okkur, sem störfum að framgangi íslenskrar tónlistar, að styrkja stöðu hennar á heimamarkaði. Það viljum við gera í samstarfi við Spotify, sem gegnir lykilhlutverki hér á landi, enda með 97% markaðshlutdeild,” sagði María Rut Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Tónlistarmiðstöðvar.

Á fundinum kynnti Spotify stöðu íslenskrar tónlistar á streymisveitunni og bar hana saman við önnur Norðurlönd. Þar kom fram að íslenskir listamenn á borð við Laufeyju, Kaleo og Of Monsters and Men hafi náð umtalsverðum árangri á alþjóðavísu á Spotify og að Ísland standi sterkt, miðað við stærð, á alþjóðlegum tónlistarmarkaði.

Á fundinum var sérstaklega fjallað um áskoranir sem snúa að sýnileika og aðgengi að íslenskri tónlist. Þar á meðal voru áhrif spilunarlista á dreifingu efnis og sýnileiki íslenskra listamanna í ritstýrðum og sjálfvirkum tillögum til hlustenda. Þá voru rædd möguleg tækifæri til samstarfs um aðgerðir, sem miða að því að hvetja til hlustunar á íslenska tónlist.

Einnig var rætt um hlutverk Spotify í því að styðja við tónlistarumhverfi á smærri mörkuðum og málsvæðum og hvernig best megi nýta gögn og greiningar til að bæta stöðu íslenskrar tónlistar.



„Það eru ýmis tækifæri fólgin í því að auka sýnileika íslenskrar tónlistar á streymisveitunni. Valdir spilunarlistar eru hluti af þessum sýnileika, en algrímið leikur sístækkandi hlutverk og sögðu fulltrúar Spotify að ekki yrði hróflað við því. Þá voru einnig ræddir möguleikar á að Spotify komi með beinum hætti að viðburðum, hátíðum og annarri tónlistarstarfsemi hér á landi,” sagði Logi.

Samhljómur var um mikilvægi þess að efla sýnileika íslenskrar tónlistar. Auk þess var lögð áhersla á að aukin hlustun á íslenska tónlist er lykilatriði fyrir tekjur

tónlistarmanna og stuðning við íslenska tungu og menningu. Á fundinum kom jafnframt fram ríkur vilji til áframhaldandi samtals og mögulegs samstarfs um aðgerðir, sem miða að því að styrkja stöðu íslenskrar tónlistar í stafrænu umhverfi.

Þess má geta að menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti hefur gert samning við Tónlistarmiðstöð um átaksverkefni, sem miðar að því að auka hlustun á íslenska tónlist á streymisveitum hér á landi. Tónlistarmiðstöð hefur, í samstarfi við Rannsóknarsetur skapandi greina, látið útbúa könnun þar sem spurt verður út í hlustun fólks á tónlist, þá sérstaklega íslenska tónlist. Niðurstöður könnunarinnar ættu að liggja fyrir um mánaðamótin maí/júní, en í haust er stefnt á sérstakt kynningarátak í samstarfi við fjölmarga aðila, til að hvetja fólk til að hlusta meira á íslenska tónlist á streymisveitum.

Sem fyrr sagði, þá var markmið fundarins vað skoða hvort Spotify gæti kynnt betur íslenska tónlist fyrir Íslendingum á veitunni, en því miður virðast Íslendingar ekki jafn duglegir að streyma innlendri tónlist miðað við nágrannalönd okkar eða önnur Evrópulönd. Engin svör fengust á fundinum, en þó vil yrði Spotify fyrir því að skoða hvort hægt sé að koma til móts við þessar óskir.

## Breytingar á samþykktum varðandi aðild að STEFi

Á aðalfundi 2025 voru gerðar breytingar á samþykktum STEFs, sem lúta að því hverjir geti orðið meðlimir. Áður gátu aðeins höfundar talist meðlimir og verið kjörgengir til stjórnarstarfa.

Nú er skilgreiningin víðtækari, þannig að útsetjarar og aðrir sem eiga hlutdeild í verki sem fær úthlutun, geta orðið meðlimir, sem og erfingjar þeirra. Einnig geta tónlistarforleggjarar (e. music publishers) nú gerst

meðlimir, en fyrirbærið „tónlistarforleggjari“ er í samþykktunum skilgreint sem svo, að átt sé við lögaðila sem gert hafi forleggjarasamning við höfund.

Þá var bætt við ákvæði um að við framsal hluta höfundaréttar til forleggjara skuli atkvæðaréttur þeirra skiptast í hlutfalli við úthlutun höfundaréttartekna milli þeirra, m.ö.o. að atkvæðisréttur höfundar færist aðeins að hluta til forleggjara.

Um leið var skýrt betur hvaða reglur gilda um framboð forleggjara til fulltrúaráðs og stjórnar. Ber forleggjara sem tilkynnir framboð að tilkynna um leið hvaða einstaklingur muni taka sæti fyrir hönd fyrirtækisins.

Tekið er fram að sami einstaklingur geti ekki bæði verið í framboði sem höfundur og forleggjari. Einnig var sett skýrari regla um framboð erfingja, sem þurfi að tilkynna að hann/hún sé í framboði sem fulltrúi erfingja tiltekins höfundar.

Ákvæði um framboð og atkvæðavægi eru óbreytt og gilda því sömu reglur um framboð forleggjara og annarra. Jafnframt gildir sama hámark atkvæðafjölda gagnvart forleggjurum og höfundum. Forleggjarar geta því ekki safnað atkvæðum með samningum nema upp að því hámarki sem samþykktir segja til um.

Á fundinum kom skýrt fram að forleggjarar eru velkomnir sem meðlimir, að þeir gegni þörfu hlutverki innan tónlistargeirans og þekking slíkra geti reynst mikilvæg inn í stjórnarstörf, enda forleggjarar mikilvægir höfundum til að vinna þeim framgang og auka tekjur þeirra.

Fundurinn taldi hins vegar ekki rétt að tónlistarforleggjarar hlytu sjálfkrafa aðild í fulltrúaráði eða stjórn, því þeir væru í raun að stíga sín fyrstu skref héraðs og færu á þessu stigi með mjög lítil réttindi. En þegar hlutdeild þeirra í úthlutunum ykist, og þar með hagsmunir, þá væri ekki ólíklegt að það yrði endurskoðað.

## Tónheilsusjóður STEFs stofnaður

Stofnfundur nýs sjóðs var haldinn í höfuðstöðvum STEFs þann 5. janúar sl. Sjóðurinn nýi hlaut heitið Tónheilsusjóður STEFs.

Markmið hans er að auðvelda aðgengi að tónlist í heilsueflandi skyni, en markmiði því skal náð á þann hátt að sjóðurinn styrkir tónlistarfólk og/eða stofnanir og samtök til að flytja tónlist eða vinna með tónlist á annan hátt í heilsueflandi skyni. Slíkt getur t.a.m. verið á hjúkrunarheimilum, fangelsum, sjúkrahúsum eða sambýlum, eða á öðrum stöðum þar sem aðilar sem koma að lýðheilsuverkefnum halda viðburði eða samkomur. Þá getur sjóðurinn styrkt rannsóknarverkefni er snúa að þessum málaflokki. Jafnt tónlistarfólk sem og stofnanir eða samtök geta sótt um styrki til sjóðsins.

Þessi sjóður er hugmynd hjónanna Andrésar Arnalds og Guðrúnar Pálmadóttur og var hrint í framkvæmd af börnum þeirra, Ólafi, Fríðu, Ásdísi og Ara, með liðsinni STEFs. Stofnframlag sjóðsins kemur frá þeim hjónum. STEF mun annast umsýslu sjóðsins án þóknunar.

Úthlutað var í fyrsta sinn nú í vor og hlutu sjö aðilar styrki að þessu sinni.

Stofnun þessa sjóðs er STEFi mikið fagnaðarefni og er þeim Andrési og Guðrúnu þökkúð gjafmildin og frumkvæðið að sjóðnum. Í viðtali við Morgunblaðið af þessu tilefni sagði Ólafur Arnalds, sonur þeirra:

*„Mamma er með alzheimer og pabbi með parkinson og þau hafa bæði upplifað sjálf hvað tónlist gerir þeim mikið gagn ... við vonumst til þess að gjöf þeirra muni auka áhersluna á þessa mikilvægu heilunarleið fyrir fólk í samfélaginu“.*



## Tónskáldasjóður Bylgjunnar & Stöðvar 2 lagður niður

Við endurnýjun samnings við SÝN á dögnum, kom í ljós að ekki var áhugi hjá SÝN að leggja frekara fé í Tónskáldasjóð Bylgjunnar og Stöðvar 2. Var því ekki um annað að ræða en að leggja sjóðinn niður. Var síðasta úthlutun sjóðsins því innt af hendi sumarið 2025, en kom það fé sem þá var úthlutað eingöngu frá STEFi.

## Verðskrá fyrir „samsetta“ viðburði

Færst hefur í aukana undanfarin ár að hótélrekendur standi fyrir tónleikahaldi samhliða gisti- og veitingaþjónustu og bjóði þannig upp á bland af tónleikum og sinni hefðbundnu þjónustu. Fram til þessa hefur ekki verið til sérstök verðskrá fyrir slíka „samsetta“ viðburði, en nú hefur stjórn STEFs samþykkt breytingar á verðskrá tónleika er snýr að slíkum viðburðum.

## Verðskrá fyrir vörusýningar

Tónlist er alltaf lykilþáttur í því að skapa hæfilega stemmningu. Það á jafnt við um vörusýningar, sem og hótél, veitingastaði, snyrtistofur eða hvar sem þjónusta er seld eða kynnt. Nýlega samþykkti stjórn verðskrá fyrir notkun tónlistar á vörusýningum (vörumessum) og á öðrum sambærilegum viðburðum, sem felur í sér bakgrunnstónlist fyrir allt sýningarsvæðið.



## Verðskrá fyrir gusur

Svokallaðar „gusur“, stundum kallaðar „leiddar gufustundir“, hafa færst í vöxt hér á landi undanfarin ár, svo mjög reyndar, að tala mætti um nk. „æði“.

Eftir skamma leit á netinu koma í ljós á þriðja tug staða sem bjóða upp á slíka þjónustu gegn gjaldi. Í nær örugglega öllum tilvikum er notast við tónlist og er hún í raun í forgrunni fremur en bakgrunni. Þannig að ljóst er að tónlist gegnir verulegu hlutverki við gusustundir.

Að mörgu leyti mætti líkja gusum við jógatíma undir leiðsögn kennara. Hver lota er venjulega sett upp með tilteknum lögum og oft hafa gusur tiltekið

þema, sem tengist tónlistinni, t.d. „djassgusa“, „R&B/soul gusa“, „dansgusa“, „hugleiðslugusa“, „sing-along gusa“, „Gusgus-gusa“, „jólagusa“, „orkugusa“, svo eitthvað sé nefnt sem finna má við netleit. Á Spotify er að finna fjölda opinna lagalista sem tileinkaðir eru gusum.

Ljóst er af þessu, að eðlilegt er að STEF og SFH innheimti fyrir notkun tónlistar í þessari atvinnustarfsemi eins og annarri.

Á næstunni STEF kynna fyrir aðilum sem bjóða slíka þjónustu sérstaka verðskrá fyrir þessa starfsemi. Hún verður alls ekki íþyngjandi, heldur aðeins sanngjarnt endurgjald fyrir notkun á því sem heita má ómissandi lið í upplifun gufusækinna viðskiptavina.

## Tónlist í auglýsingum. Hvað, hví, hvernig?

Reglulega berast STEFi fyrirspurnir frá fyrirtækjum og framleiðendum um það, hvernig haga skuli málum og að hverju þurfi að huga við notkun á tónlist í auglýsingum. Það er vissulega að ýmsu að hyggja í því sambandi.

Við höfum tekið saman og birt á heimasíðunni punkta hvað þetta varðar, nk. gátlista og leiðbeiningar, sem ættu að nýtast þeim sem hyggjast nota áður útgefna tónlist í auglýsingaskyni. Einnig er þetta ágæt yfirferð fyrir höfunda, flytjendur og útgefendur.

Hér má kynna sér málið: [stef.is/vidskiptavinir/tonlistiauglysingum](https://stef.is/vidskiptavinir/tonlistiauglysingum)

Nýlega hélt STEF fundi með stórum auglýsingastofum, þar sem þessi mál voru krufin og tæpt á helstu atriðum (með sérstöku tilliti til notkunar á samfélagsmiðlum). Heilmiklar umræður áttu sér stað og starfsfólk stofanna varpaði fram fjölmörgum spurningum samhliða því að miðla af reynslu sinni í að sækja um leyfi fyrir tónlist í auglýsingar.

## Breyting á úthlutun v. tónlistar við kirkjulegar athafnir

Stjórn STEFs samþykkti á dögnum nýja aðferðarfræði við úthlutun fjármuna sem STEF tekur á móti skv. samningi við Þjóðkirkjuna.

Mun STEF eftirleiðis fá upplýsingar um flutt verk í guðsþjónustum frá mun fleiri kirkjum en áður, til að styðjast við þegar úthlutað er. Þá verður sett upp ný reikniregla varðandi skiptingu; annars vegar fyrir útfarir og almennar guðsþjónustur, hins vegar brúðkaup og skírni.

Þessi nýja skipting, ásamt betri upplýsingum, mun þýða það, að sálmaskáld fá meira í sinn hlut en áður. Aftur á móti verður aðeins minna úthlutað fyrir tónlist í útförum eða vegna brúðkaupa og skírna.

Þjóðkirkjan er að vinna að uppsetningu innra nets, þar sem organistar munu geta sett inn upplýsingar um flutt verk á einfaldan hátt. Standa vonir til þess að þegar það verklag er komið á, þá verði alfarið hægt að miða við þá skráningu.

Haldið verður áfram að miða við stikkprufur úr sálmaskrárum vegna útfara, auk þess sem sérstök nefnd metur áfram flutning verka í brúðkaupum og skírnum (að því marki sem skírni eru ekki hluti af messum).

## Samningur við On Music v. skráninga

Nýlega gerði STEF samstarfssamning við fyrirtækið On Music, sem staðsett er í Belfast og sérhæfir sig í að betrubæta gögn fyrir höfundaréttarsamtök o.fl. Þau munu taka við spilunarskýrslum frá útvarps- og sjónvarpsstöðvum og bæta þar sjálfkrafa inn ýmsum mikilvægum gildum, t.d. ISRC og ISWC-númerum þar sem við á, birta titla á frummáli þegar kemur að sjónvarpshluta o.fl. Þetta hjálpar mikið við samkeyrslu og minnkar handavinnu starfsfólks STEFs til muna.

## Verndaðu verkin hjá Musicstart

Sacem, systursamtök STEFs í Frakklandi, hafa kynnt nýja þjónustu, Musicstart, sem hjálpar höfundum að vernda höfundarétt verka frá vinnslustigi til frambúðar.

Í stuttu máli gengur þjónustan út á það, að verk í vinnslu hljóta nk. eignarhaldsvottorð, þannig að ekki fari á milli mála hvert eignarhaldið er og þar með höfundarétturinn. Styðst þjónustan við sk. kubbakeðjutækni (e. blockchain), sem merkir og vistar verk frá fyrstu útgáfu og síðan uppfærðar útgáfur eftir því sem verkin þróast á vinnslustigum.

Þetta kemur sér jafnframt vel ef upp kemur ágreiningur um eignarhald á einhverjum tímamarki, ef höfundar eru fleiri en einn. Einnig má segja að á tímum gervigreindarframleiðslu sé mikilvægt að geta sýnt fram á eignarétt óútgefna jafnt sem útgefna verka.

STEF hefur gert samkomulag um það við Sacem, að bjóða meðlimum upp á ókeypis profuaðgang. Í gegnum „Mínar síður“ er hægt að fá sendan kóða fyrir stofnaðgang, með því að smella á hnappinn „Musicstart“.



## Skattamálaskýringar

Reglulega berast STEFi fyrirspurnir frá meðlimum vegna skattamála. T.d. gerist það reglulega að höfundar flytjast búferlum til útlanda, sem hefur eðlilega í för með sér ýmsar breytingar, m.a. á skattaumhverfi og reglum. Einnig fylgja því skattalegar breytingar þegar höfundar gera samninga við forleggjara (e. publishers), svo annað dæmi sé tekið. Á vefsvæði STEFs hefur verið sett upp sérstök kynningarsíða varðandi skattamál, sem geymir gagnlegar upplýsingar og skýringar á litbrigðum skattaflórunnar.

Sjá hér: [stef.is/frettir/skattamalaskyringar](http://stef.is/frettir/skattamalaskyringar)

## Ákvæði um „grafíska framsetningu“ bætt í aðildarsamning

Stjórn STEFs ákvað nýverið að fara að fordæmi systursamtaka í nágrennalöndum okkar og bæta við réttindaflokk í aðildarsamninga samtakanna. Um er að ræða hagsmunagæslu vegna „grafískrar framsetningar tónlistar“ á netinu, eins og það hefur verið kallað, en þetta á einkum við um texta og nótur. Mun það í framtíðinni gefa STEFi möguleika á að semja um þessi réttindi, t.d. við alþjóðlegar streymisveitur, sem sumar birta lagatexta meðfram því sem löggin spilast, nokkuð sem í dag er ekki greitt sérstaklega fyrir. Ákveðið var enn fremur að bjóða eldri meðlimum að bæta þessum flokki við aðildarsamning sinn og verður framkvæmdin á því kynnt sérstaklega á næstunni.

## Kallað eftir lagalistum af böllum

Ballhljómsveitir voru á liðnu ári hvattar sértaklega til að skila inn lagalistum til STEFs. Slíkar sveitir hafa atvinnu af því að flytja lög eftir ýmsa tónhöfunda á dansleikjum og sambærilegum viðburðum og því er dagljóst að þannig nýta sveitirnar sér sönglöggin til tekjuöflunar. Auðvitað er ekkert ámælisvert við það.

Aftur á móti er það eðlilegt og sanngjarnt, að höfundaréttartekjum af seldum aðgöngumiðum, sem STEF innheimtir skv. lögum, verði úthlutað til þeirra höfunda sem um ræðir. STEFi er hins vegar ómögulegt að framkvæma slíka úthlutun nema fyrir liggi viðeigandi lagalistar.

Fyrirsvarsmenn slíkra hljómsveita hafa því verið hvattir til að skila lagalistum reglulega inn til STEFs. Á þetta einkum við um stærri viðburði.

## Skráning laga á Spotify - Áminning

Vert er að vekja athygli á því, að þegar lög eru send inn til tónlistarveitna, t.d. Spotify, þá er mikilvægt að skrá þau með réttum hætti, sér í lagi gæta að því að höfundahlutinn (e. credits) sé réttur. Ella er hætt við því að skráningarkerfið nái ekki að tengja (e. match) lag við tilheyrandi höfunda. Einkum ber að varast að skrá hljómsveitarheiti sem höfund, jafnvel þótt það kunni að vera rétt að viðkomandi hljómsveit/dúett/trío o.s.frv. séu sameiginlegir höfundar. Þess í stað skyldi alltaf skrá nöfn þeirra sem í hlut eiga.

## YTRA UMhverfi

### Koda stefnir Suno: „Stærsti þjófnaður tónlistarsögunnar“



Koda, systursamtök STEFs í Danmörku, hafa formlega höfðað mál á hendur Suno, einu þekktasta gervigreindartónlistarfyrirtæki heims um þessar mundir.

Byggir lögsóknin á því, að skýr sönnunargögn bendi til þess, að fyrirtækið hafi í leyfisleysi og endurgjaldslaust notað höfundaréttarvarða danska tónlist við gervigreindarþjálfun og framleiðslu tónlistar, sem fyrirtækið þiggi greiðslu fyrir frá notendum.

Koda telur um algjört „prinsippmál“ að ræða, þar sem fyrirtækið brjóti í senn á höfundarétti tónhöfunda og geri þá að féþúfu. Þannig flæði í raun peningar frá dönskum höfundum til fyrirtækisins, sem geri það að verkum að minni fjármunir verði eftir til að skapa og styðja við danska tónlist. Slíkt telur Koda ekki aðeins ógn við

höfunda, heldur grafi undan menningu þjóðarinnar í víðum skilningi.

Koda telur ljóst að dönsk tónlist sé ekki ein undir í þessu máli, heldur tónlist allra landa.

*„Við stofnum í hættu menningarheimi, þar sem tónlist er búin til af fólki, sem hefur raunverulegar sögur að segja. Í staðinn kemur tónlist, framleidd af gervigreindarhugbúnaði í bandarískum eða kínverskum gagnaverum“*, eins og segir í tilkynningu Koda.

*„Tæknifyrirtæki virða menningu okkar að vettugi, hunsa réttindi og höggva þannig að lýðræðislegum grunnstöðum. Við getum ekki látið það óátalið og munum berjast fyrir sterkum tónlistargeira, sanngjörnum markaði, réttindum félagsmanna okkar og danskri menningu“*, segir jafnframt í tilkynningu Koda.

Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri STEFs, telur dagljóst að um tímamóta- og prófmál sé að ræða, sem hún efist ekki um að höfundar hvarvetna á norðurlöndunum styðji heilshugar.

### GEMA hafði sigur í málsókn gegn OpenAI

Þann 11. nóvember sl. komst dómstóll í Þýskalandi að þeirri niðurstöðu, að ChatGPT, sem er í eigu gervigreindarrisans OpenAI, hafi brotið gegn lögum með óheimilli notkun á höfundaréttarvörðum söngtextum.

Í dómsorði segir að fyrirtækið hefði átt að afla sér formlegs leyfis til að nota þýska texta til þjálfunar fyrir hugbúnað sinn, sem byggir á því sem á fagmálinu hefur verið kallað „skapandi gervigreind“ eða „spunagreind“. Þetta er fyrsti dómur sem kveðinn er upp í Evrópu er varðar leyfislause notkun verka við mötum og þjálfun gervigreindar.

Samkvæmt úrskurðinum er óyggjandi að kerfi ChatGPT notist við frumsamda og lögvarða texta, sem afritaðir hafa verið og gerðir aðgengilegir sem nk. „svar“ við beiðnum þeirra sem nýta sér þjónustu OpenAI. Málshöfðandinn, **GEMA**, systursamtök STEFs í Þýskalandi, lagði fram sönnunargögn þess efnis, að verndaðir textar eftir þekktu höfunda hefðu verið „endurskapaðir“ með þessum hætti.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu, að þessar afritanir væru skýlaust brot á höfundarétti og er þess krafist að OpenAI afli sér formlegra leyfa hjá réttihöfum gegn viðeigandi þóknun.

Málflutningi þess efnis, að OpenAI væri einfaldlega löglegt leitarvéla- og rannsóknarfyrirtæki, var hafnað. Taldi dómstóllinn að þótt texta- og gagnanám gæti að vissu marki talist lögmæt iðja, þá fæli það ekki í sér leyfi til að vista höfundarréttarvarða söngtexta og nota til útgáfu „nýrra“ texta.

„Internetið er ekki einhvers konar sjálfsafgreiðsluhlaðborð og sköpunarverk manna eru ekki einfaldlega sniðmát til notkunar án endurgjalds. Í dag höfum við sett fordæmi, sem bæði verndar og skerpir á réttindum eigenda höfundaréttarvarinna verka. Rekstraraðilar gervigreindartækja eins og ChatGPT verða að fara að höfundalögum eins og aðrir“, sagði Dr. Tobias Holz Müller, forstjóri GEMA eftir dómúrskurðinn.

GEMA er með annað og sambærilegt mál í undirbúningi gegn bandaríska gervigreindartónlistarframleiðandanum Suno, sem tekið var fyrir í ársbyrjun 2026.



## Tónlist er mikils virði. Staðfest.

Í fyrra stóðu AKM, systursamtök STEFs í Austurríki, fyrir könnun á áhrifum tónlistar í viðskiptum. Nýlega rak niðurstöðurnar á fjörur okkar. Þær styðja það sem eldri viðlíka kannanir hafa sýnt; í stuttu máli það, að tónlist hefur merkjanleg jákvæð áhrif á kauphegðun og bætir upplifun viðskiptavina jafnt sem starfsfólks.

Eins og fyrri sambærilegar kannanir hafa sýnt, þá dvelja viðskiptavinir lengur í verslunum þegar hæfileg bakgrunnstónlist hljómar, þeir verða tryggari viðskiptavinir, tónlistin hefur jákvæð áhrif á skaphöfn og veldur því að viðskiptavinir eru líklegri til að mæla með viðkomandi verslun við vini og kunningja.

Könnunin sýnir að það færir sífellt í vöxt að rekstraraðilar nýti þjónustu sérhæfðra fyrirtækja við að sérvelja hæfilega tónlist fyrir viðkomandi fyrirtæki, en slíkt eykur enn frekar hin jákvæðu áhrif.

Könnunin leiðir einnig í ljós, að rekstraraðilar sem prófað hafa gervigreindartónlist í sparnaðarskyni, hafa margið horfið af þeirri braut, því viðskiptavinir sem og starfsmenn kunna síður að meta slíka tónlist; hún þykir ópersónuleg, óekta og tilfinningasnaud.

# ÝMISLEGT ÚR STARFINU

## Bríet hlaut „Langspilið“ 2025

Eitt af ánægjulegum vorverkum STEFs er afhending „Langspilsins“, en það eru sérstök verðlaun STEFs, árlega veitt höfundi sem skarað hefur fram úr og náð eftirtektarverðum árangri á nýliðnu ári.

Langspilið er jafnan afhent samhliða afhendingu vorstyrkja, en þar sem afhending vorið 2025 var nokkru seinna á ferðinni en vanalega, þá náðist ekki að greina frá langspilshafa ársins í síðustu ársskýrslu.

Það er þó gleðilegt að greina frá því hér, að það var engin önnur en **Bríet Ísis Elfar**, sem hlaut verðlaunin sl. vor. Hún hefur á undanförunum árum klífrað hægt og bítandi upp spilunarlista útvarpsstöðva og á netinu, sem hefur eðlilega endurspeglast í auknum úthlutunum frá STEFi – og var árið 2024 metár hvað hana varðaði.

Við óskum Bríeti áframhaldandi velfarnaðar á komandi árum og vonum að verðlaunin verði henni góð hvatning til frekari afreka.



## Þormóður fékk „Langspilið“ í ár

Fyrir skemmstu var langspil ársins 2026 afhent, en það hlaut **Þormóður Eiríksson**, sem á undanförunum árum hefur verið einn eftirsóttasti upptökustjóri og lagasmiður landsins.

Það má segja að Þormóður sé einn af þessum ómissandi lykilmönnum „á bak við tjöldin“, sem við heyrum ekki alltaf um eða áttum okkur á. Listafólk eins og Hr. Hnetusmjör, Aron Can, Birnir, Emmsje Gauti, Friðrik Dór, Jói P & Króli og GDRN — svo einhverjir séu nefndir — eiga það öll sameiginlegt að hafa unnið og samið tónlist í náinni samvinnu við smellasmiðinn Þormóð.

Hann hefur einstakt lag á því að semja músík sem nær til fólks. Þar blandast saman

náttúrulegir hæfileikar og mikil og markviss vinna, en hann hefur greint frá því að hann geri eigin rannsóknir þegar lögin eru á teikniborðinu; athugi hvort þau virki og hreyfi við fólki og slípar þau síðan til eftir því sem honum þykir þurfa.

# Íslensku tónlistarverðlaunin 2026



Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í Hörpu þann 18. mars sl. Söngkonan Laufey var sigursæl, en hún hlaut verðlaun fyrir söng ársins, flytjanda ársins og plötu ársins í sínum flokki.

Plötur ársins 2025 eru þessar:

- A Matter of Time – **Laufey**
- All is Love and Pain in the Mouse Parade – **Of Monsters and Men**
- Dyrnar – **Birnir**
- QUACK – **Gugusar**
- Quiet Presence – **Sævar Jóhannsson**
- Crossing Borders – **Ásgeir Ásgeirsson**
- Where is Jón? – **Úlfur Eldjárn**
- Opus 109: Beethoven, Back, Schubert – **Víkingur Heiðar Ólafsson**

Lög/verk ársins eru:

- Eitt af blómunum – **Páll Óskar & Benni Hemm Hemm**
- 10 ÞÚSUND – **Emmsje Gauri og Króli**
- Ordinary Creature – **Of Monsters and Men**
- Day Old Thoughts – **Árný Margrét**
- In the Sound of Breathing – **SAGES**
- Watachico – **Watachico**
- Before We Fall – **Anna Þorvaldsdóttir**

Texti ársins var „Eitt af blómunum“. Söngvarar ársins voru þær **Laufey, Silva Þórðardóttir** og **Hanna Dóra Sturludóttir**. Bjartasta vonin var útnefnd **Sara Mjöll Magnúsdóttir**. Heiðursverðlaun ársins hlaut hljómsveitin **Todmobile**, sem starfað hefur með hléum frá árinu 1989. Um fleiri verðlaunahafa má fræðast á vefsíðu ÍTV: [www.iston.is](http://www.iston.is)



## Dagur íslenskrar tónlistar 2025



Dagur íslenskrar tónlistar var haldinn hátíðlegur þann 1. desember, en það eru STEF og SFH sem standa að deginum. Venju samkvæmt voru veittar viðurkenningar á samkomu í Hörpu.

- Hljómplötuútgáfan **Sticky Records** hlaut ‘hvatningarverðlaunin’, fyrir að vera heimili íslenskrar grasrótar og styðja vel við nýja bylgju íslenskrar hiphopp-tónlistar.
- Félagsskapurinn **MMF Iceland** hlaut ‘nýsköpunarverðlaunin’, fyrir að tengja samfélag umboðsfólks á Íslandi og styrkja þannig rödd íslensks tónlistarfólks heima og að heiman.
- ‘Glugginn’ eru verðlaun sem veitt eru þeim er veita íslenskri tónlist sérstakt atfylgi. **Iðnó** hlaut Gluggann nú, fyrir að byggja upp og hlúa íslenskri tónleikamenningu í Reykjavík.
- ‘Útflutningsverðlaunin’ féllu **Ásdís Maríu Viðarsdóttur** í skaut, fyrir ört vaxandi feril erlendis síðustu misseri.
- Flytjendaverðlaun FÍH voru veitt í fyrsta skiptið. Þau hlaut „**Óþekkta hrynsveitin**“, hópur flytjenda sem séð hefur um undirleik í leiksýningunni Moulin Rouge. Þetta eru þeir Andrés Þór Gunnlaugsson, Andri Ólafsson, Birgir Þórisson, Gunnar Hilmarsson, Helgi Reynir Jónsson, Jóhann Hjörleifsson, Matthías Stefánsson, Ólafur Hólm, Róbert Þórhallsson og Vignir Þór Stefánsson.
- **Ragnildur Gísladóttir** var sæmd heiðursmerki STEFs fyrir hennar góða framlag í gegnum tíðina (sjá frétt hér aftar).
- **Músiktilraunir** hlutu heiðursverðlaun ársins, „Litla fuglinn“, fyrir að vera brautarpallur fyrir ungt tónlistarfólk og hafa um langt skeið leitt efnilega músíkanta fyrstu skrefin út á breiðvang tónlistarinnar.

Tónlist við athöfnina fluttu þau Páll Óskar og Benni Hemm Hemm, Ásdís María og kvennakórinn Hekla. Þá flutti Lóa Hjálmtýsdóttir ávarp; nk. óð til íslenskrar barnatónlistar.

## Ragga Gísla heiðursmerkt

**Ragnildur Gísladóttir** var sæmd heiðursmerki STEFs á degi íslenskrar tónlistar.

Ragga Gísla, eins og við þekkjum hana, kom fyrst fyrir sjónir almennings seint á áttunda áratugnum, söng þá með Lummunum, Brimkló og Brunaliðinu, svo eitthvað sé nefnt.

Það var hins vegar snemma á níunda áratugnum sem Ragga steig virkilega fram og markaði sín spor, með hljómsveit sem hún stofnaði og nefndist Grýlurnar. Fullyrða má að það hafi verið fyrsta alvöru kvennahljómsveit Íslandssögunnar og vafalaust hefur sveitin orðið kynsystur innblástur.

Grýlurnar urðu síðan stór þáttur í vinsælustu kvikmynd Íslandssögunnar, „Með allt á hreinu“, sem Stuðmenn framleiddu.

Nokkru síðar var Ragga orðin Stuðmaður og söng með bandinu inn á fjölmargar plötur og úti um allar trissur, langt fram á 21. öldina.

Ragga hefur alltaf vakið athygli fyrir sterkan og einkennandi stíl, jafnt sem söngkona og höfundur, en ekki síður í framkomu og fatavali.

Árið 2017 var Ragga fengin til að semja þjóðhátíðarlag Vestmannaeyja, fyrst kvenna.

Ragga hefur sannarlega lagt sitt af mörkum til að lita líf okkar í gegnum árin. Og þótt hún hafi samið og sungið lagið „Ekkert mál“ á sínum tíma, þá finnst okkur framlag hennar töluvert mikið mál!



## Karólína heiðurskona



Við setningu „Myrkra músíkdaga“ á dögum var **Karólínu Eiríksdóttur** veitt heiðursmeki STEFs, fyrir framúrskarandi störf í þágu íslensks tónlistarlífs, bæði sem tónskáld og fyrir ómetanlegt framlag í stjórnnum, ráðum og nefndum í tónlistarlífinu.

Hljómsveitarverk Karólínu hafa öll verið flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands, en einnig hljómað víða um heim. Þá hefur hún samið sex óperur, þar á meðal „Magnús María“, sem tilnefnd var til Tónlistarverðlauna Norðurlanda árið 2016.

Í gegnum árin hefur Karólína m.a. setið í stjórnnum Íslenskrar tónverkamiðstöðvar, Tónskáldafélags

Íslands, Listahátíðar í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

## KK heiðraður

**Kristján Kristjánsson**, betur þekktur sem KK, fagnaði sjötugsafmæli í liðinni viku og hélt af því tilefni tónleika í Háskólabíói.

KK fæddist og bjó fyrsta áratug ævinnar í Bandaríkjunum, því næst í ríflega áratug hér heima, en fluttist svo til Svíþjóðar og bjó þar í um 13 ár.

Fljótlega eftir heimkomu, seint á níunda áratugnum, fór að bera á Kristjáni í músíkinni hér heima. Hann vakti fljótt athygli fyrir taktfasta og hrífandi spilamennsku og honum fylgdi ferskur andvari, þótt hann væri þá kominn yfir þrítugt og að tónlistin hvíldi á gömlum blús- og soul-grunni.

Fyrsta platan, „The Lucky One“, kom út árið 1991 og ári síðar „Bein leið“, sem sló rækilega í gegn. Síðan komu plöturnar ein af annarri og Kristján hreif landa sína á næstu áratugum með hreinni og beinni framkomu og einlægðu fasi, en segja má að lög hans og textar beri einnig flest þau einkenni.

Stjórn STEFs fannst vel til fundið að heiðra KK á þessum tímamótum. Laumuðust fjórir stjórnarmenn uppá svið Háskólabíós og veittu honum heiðursmerki samtakanna, með hjartans þökkum fyrir hans væna framlag til íslenskrar tónlistar í gegnum árin.



## Tómas R. hlýtur heiðursmerki

Í marsbyrjun var kontrabassaleikarinn kunnir, **Tómas R. Einarsson**, sæmdur heiðursmerki STEFs, en stjórnarmenn sættu færiss í Salnum, hvar Tómas og GDRN fögnuðu útkomu nýrrar dúó-plötu.

Tómas hefur á ferlinum komið víða við og verið áberandi í íslensku tónlistarlífi um langt skeið, en segja má að jazzinn hafi átt í honum hvert bein. Tómas er einnig þekktur fyrir brennandi áhuga á latin-músík og hefur sótt sér innblástur til rómönsku Ameríku og gjarna blandað saman latin-áhrifum og jazz. Varla er á nokkurn hallað, með því að fullyrða að Tómas sé konungur latin-jazzins hérlendis. Þessi seiðandi blanda hefur borið með sér suðræna og hlýja strauma, sem yljað hafa hlustendum í stinningskuldanum hér í norðurhöfum.

Fyrsta plata Tómasar kom út 1985, en síðan hafa þær komið ófáar, ýmist sólóplötur, dúó-plötur eða önnur samstarfsverk. Á fjórða hundruð lög eftir Tómas eru skrásett hjá STEFi. Enn bætist í og megi við bætast áfram á komandi árum.

## Ört vaxandi höfundar verðlaunaðir á menningarnótt



Eins og undanfarin ár bauð STEF uppá tónleika í bakgarðinum við Laufásveg 40 að degi menningarnætur. Var þetta í níunda skiptið. Að þessu sinni komu fram þau **Pétur Ben, Soffía, Fríða Dís, Árný Margrét** og **Krummi**. Þökkum þeim hjartanlega fyrir þeirra góða framlag, sem og öllum þeim sem nutu með okkur.



Hlökkum til að taka aftur á móti fólki að ári liðnu.

Á tónleikunum voru „Hvatningarverðlaun STEFs“ afhent öðru sinni, til þriggja höfunda sem eiga það sameiginlegt að hafa „sýnt ört vaxandi árangur undanfarin missseri“, eins og það er orðað, en auknar höfundaréttartekjur eru ein vísbending þess.

Að þessu sinni hlutu verðlaunin þau **Árný Margrét Sævarsdóttir, Kári Egilsson** og **Nína Sólveig Andersen** (Lúpína), en umboðskona hennar, Aurora, móttók skjalið fyrir hennar hönd. Við óskum þeim til lukku og velfarnaðar á komandi árum.



## Helga Guðný nýr sölu- og innheimtustjóri

Helga Guðný Sigurðardóttir tók nýlega við starfi sölu- og innheimtustjóra hjá STEFi. Hún hefur BA-próf í frönsku, diploma í fjármálum og rekstri og MBA-gráðu frá HR. Áður hefur hún m.a. starfað hjá Landsteinum, Nýherja (Origo) og Motus.

Við bjóðum Helgu Guðnýju hjartanlega velkomna til starfa fyrir tónhöfunda.

## VIÐBURÐIR, VINNUSTOFUR O.FL.

### Söngtextanámskeið Vigdísar

**Vigdís Hafliðadóttir** hélt söngtextanámskeið í höfuðstöðvum STEFs þann 20. apríl. Vigdís er handritshöfundur, söngkona og textahöfundur FLOTT og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir texta ársins árið 2023. Hún lærði vísnasöng og textaskrif í Svíþjóð, þar sem áhersla var lögð á að semja texta sem segja sögur. Hún fór yfir „allt sem hún lærði námsárið í Svíþjóð, fór yfir hvernig hægt er að byrja á texta, hvernig sé hægt að klára texta og hvað gerist þarna í miðjunni“, eins og hún orðaði það.

Námskeiðið þótti vel lukkað og komust færri að en vildu. Við þökkum henni og þátttakendum fyrir komuna á Laufásveginn, á þessum fyrsta væna vordegi ársins. Stefnt er að því að halda fleiri námskeið af þessu tagi á komandi árum.



### Smellasmíði #4

Þann 16. febrúar sl. var boðið uppá námskeið í popplagasmíðum á Laufásveginum, undir yfirskriftinni „Smellasmíði“, en þetta var sjálfstætt framhald verkefnis sem áður hefur verið boðið upp á og hefur mælst vel fyrir. Leiðbeinendur voru Birgir Steinn Stefánsson og Bjarki Ómarsson (Bómarz), en þeir stóðu fyrir samskonar námskeiði í fyrra. Báðir hafa náð góðum árangri á undanförunum árum, Birgir sem söngvari og lagasmíður fyrir sig og aðra og Bjarki sem höfundur og útsetjari fyrir ýmsa.

### Airsongs '25 – Lagasmíðabúðir Iceland ISC

Dagana 3.-5. nóvember stóð Iceland Sync Creative (ISC) fyrir þriggja daga lagasmíðabúðum undir heitinu AIRSONGS. Sambærilegar búðir hafa verið haldnar undanfarin ár og ávallt lukkast afar vel.

Auk Íslenskra höfunda verða að þessu sinni þátttakendur frá Danmörku, Þýskalandi og Póllandi. Þetta var kjörið tækifæri til að útvíkka sjónvildarhringinn, öðlast reynslu og til tengslamyndunar. Eitt pláss var sértaklega frátekið fyrir meðlim STEFs, þótt auðvitað séu flestir höfundar á vegum ISC meðlimir STEFs.

### SyncCamp '25 í Póllandi

Systurfélag STEFs í Póllandi, Zaiks, stóð eins og undanfarin ár fyrir lagasmíðabúðunum „Sync Camp“, en þangað er stefnt höfundum úr ýmsum áttum. Zaiks hafa boðið STEFi að senda þátttakendur undanfarin ár, en um er að ræða kvikmynda-, sjónvarps- og auglýsingatónlist. Tónlistarstjórar (e. music supervisors) eru þátttakendum til ráðgjafar, en lögð er áhersla á hópavinnu og tengslamyndun. Í ár voru fulltrúar okkar í Póllandi þau Magnús Jóhann Ragnarsson og Salka Valsdóttir.

### Ráðstefnuhluti Airwaves 2025

Hin svokallaða „bransaveisla“ fór eins og undanfarin ár fram samhliða Iceland Airwaves-hátíðinni sl. haust, en veislan er ókeypis fræðslu- og viðburðaröð sem Tónlistarmiðstöð og Tónlistarborgin Reykjavík halda með stuðningi frá Íslandsstofu. Nú síðast var m.a. boðið uppá meistaranámskeið í umboðsmennsku, pallborð



um jafnrétti kynja í tónlist og snarfundi (e. speed-meetings) með fagaðilum, þar sem færi gefst á tengslamyndun við bransafólk úr ýmsum áttum.

STEF hafði veg og vanda af einni af málstofunni sl. haust, þar sem fjallað var um tilgang og framtíð höfundaréttarsamtaka. Yfirskriftin var „Risaeðlur eða stafrænir frumkvöðlar? Framtíð sameiginlegra innheimtustofnana“ (e. Dinosaurs or Digital Pioneers? The Future of Collective Rights Management). Þar leitaðist kunnáttufólk við að svara því hvort höfundaréttarsamtök væru úreltir eða óþarfir hliðverðir á hátækniöld — eða ennþá nauðsynlegar burðarstofnanir til að vernda rétt tónhöfunda í sundurleitu stafrænu hagkerfi nútímans.

Einnig stóð STEF fyrir hingaðkomu tónlistarblaðamannsins **Liz Pelly**, sem hefur vakið mikla athygli fyrir bók sína „Mood Machine – The Rise of Spotify and the Costs of the Perfect Playlist“. Bókinni hefur verið lýst sem greiningu á því hvernig málum er háttað hjá stærstu streymisveitu heims. Hún inniheldur fjölda viðtala við kunnáttufólk úr innsta hring Spotify, sem og úr tónlistar- og menningargeiranum. Bókin varpar ljósi á það hvernig samþjappað ægivald Spotify hefur mótað tónlist, jafnt fyrir hlustendur og tónlistarmenn, á undanförunum árum — og jafnvel til eilífðar.

## Lagasmíðabúðirnar Nordic Music Camp

Lagasmíðabúðirnar Nordic Music Camp voru haldnar í Sisimiut á Grænlandi 27. mars til 4. apríl sl. Búðirnar eru ætlaðar fyrir lagahöfunda og framleiðendur, sem vilja þróa feril sinn, með það fyrir augum að ná til stærri áhorfendahóps og byggja upp tengsl, einkum á Norðurlöndum. **Atli Dagur Stefánsson** var fulltrúi STEFs að þessu sinni. Það eru samtökin Nordic Music Community sem standa fyrir framtakinu, sem rúllað hefur á milli Norðurlandanna. Síðustu búðir voru í Færeyjum og meðfylgjandi mynd er þaðan, hvar fulltrúi okkar var Bríet Ísis Elfar.



## Fræðslu- og kynningarfundir

Þann 20. nóvember sl. var boðið upp á óformlegan fræðslu- og kynningarfund fyrir tónhöfunda á Akureyri, þar sem starfsmaður STEFs nyrðra, **Hreiðar K. Hreiðarsson**, tók á móti áhugasömum og sat fyrir svörum. Sambærilegur fundur var haldinn í Borgarnesi þann 27. febrúar, hvar **Ísabella Lövenholdt**, starfsmaður þjónustudeildar tók á móti gestum ásamt tónlistarkonunni **Soffíu Björgu**.

Þann 31. október hélt **Guðrún Björk Bjarnadóttir**, framkvæmdastjóri STEFs, erindi á vegum Stjórnvísí, undir forskriftinni „Er þjálfun gervigreindar brot á höfundarétti?“ Þar fjallaði hún um þá staðreynd, að rannsóknir hafa sýnt að þriðjungur af tekjum tónhöfunda gæti horfið innan fárra ára með tilkomu gervigreindar. Greindi Guðrún Björk m.a. frá stefnumiðum til að takast á við þessa þróun, en STEF hefur starfað náið með norrænum höfundaréttarsamtökum og sett fram stefnu til framtíðar hvað varðar leyfisveitingar vegna spunagreindar.

Þá hélt STEF á liðnu ári kynningarfundir með Samtökum fyrirtækja á veitingamarkaði (SVEIT), Samtökum verslunar og þjónustu (SVÞ) og Samtökum ferðaþjónustunnar.

## TENGD FÉLÖG, NEFNDIR OG RÁÐ

Skipan eins og hún var þegar ársskýrsla fór í prentun

- STEF er aðili að IHM (Innheimtumiðstöð rétthafa), hagsmunasamtökum 11 höfundaréttarsamtaka, sem annast innheimtu og úthlutun á gjaldi vegna eintakagerðar til einkanota, sem og gjaldi fyrir endurvarp sjónvarps. Í stjórn IHM sitja fyrir hönd STEFs, **Guðrún Björk Bjarnadóttir** og **Hjörtur Ingvi Jóhannsson**. Ásamt þeim situr svo **Bragi Valdimar Skúlason** og **Þuríði Jónsdóttir** í fulltrúaráði IHM.
- STEF á aðild að Fjölís, hagsmunafélagi sjö höfundaréttarsamtaka, sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum er njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Í stjórn Fjölís situr hönd STEFs situr **Páll Ragnar Pálsson**. Í fulltrúaráði Fjölís situr **Guðrún Björk Bjarnadóttir**, auk tilnefnds stjórnarmanns.
- STEF á aðild að Samtóni, sem er samstarfsvettvangur STEFs og SFH (Samtaka flytjenda og hljómplötuframleiðenda). Stærstu verkefni Samtóns eru að halda Íslensku tónlistarverðlaunin (ÍTV) og Dag íslenskrar tónlistar (DÍT). Fulltrúar STEFs í stjórn Samtóns eru **Guðrún Björk Bjarnadóttir** og **Halldór Smáráson** auk **Braga Valdimars Skúlasonar**. Framkvæmdastjóri ÍTV og DÍT er **Kristján Freyr Halldórsson**.
- **Guðrún Björk Bjarnadóttir** situr f.h. STEFs í stjórn Tónlistarmiðstöðvar.
- Í stjórn Upptökusjóðs STEFs sitja **Eypór Gunnarsson**, **Kjartan Sveinsson Ragnheiður Gröndal** og **Ragna Kjartansdóttir**.
- Í stjórn Nótnasjóðs STEFs sitja **Tryggvi M. Baldvinsson**, **Hildur Kristín Stefánsdóttir**, **Hafdís Bjarnadóttir** og **Bergur Þórisson**.
- Í stjórn Stórverkasjóðs STEFs sitja **Elísabet Indra Ragnarsdóttir**, **Gunnhildur Einarsdóttir**, **Óttarr Proppé** og **Hallur Ingólfsson** auk **Guðrúnar Bjarkar Bjarnadóttur**.
- Í stjórn Ferðasjóðs STEFs sitja **Lárus Grímsson** og **Rósa Birgitta Ísfeld**.
- Í stjórn Tónskáldasjóðs RÚV og STEFs sitja fyrir hönd STEFs þau **Pétur Jónsson** og **Þorbjörg Daphne Hall** en auk þeirra situr útvarpsstjóri í stjórninni. Varamenn eru **Hallur Ingólfsson** og **Þórunn Ósk Marinósdóttir**.
- Í stjórn Tónheilsusjóðs STEFs sitja þau **Æsa Skúladóttir**, **Árni Þór Árnason** og **Ólafur Arnalds**.
- Í stjórn Tónlistarsjóðs kirkjunnar og STEFs situr fyrir hönd STEFs **Hilmar Örn Agnarsson** og er **Hildigunnur Rúnarsdóttir** varamaður hans.
- Fyrir hönd STEFs situr í Höfundaréttaráði **Karólína Eiríksdóttir** og til vara **Óttarr Proppé**.
- Í hinni íslensku dómnefnd Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunanna sitja þau **Pétur S. Jónsson**, **Hilmar Oddsson**, **Margrét Örnólfsdóttir**, **Hilmar Örn Hilmarsson** og **Guðrún Björk Bjarnadóttir**. STEF annast umsýslu þessara verðlauna fyrir hönd Íslands.
- Matsmenn STEFs eru þeir **Hallur Ingólfsson**, **Ingi Garðar Erlendsson** og **Eypór Gunnarsson**.
- Nefnd um kirkjulegar athafnir vegna úthlutunar: **Óskar Einarsson**, **Gunnar Gunnarsson** og **Lára Bryndís Eggertsdóttir**.
- Í Jafnréttisnefnd STEFs sitja **Sóley Stefánsdóttir**, **Snorri Helgason**, **Páll Ragnar Pálsson** og **Eliza Newman**.

## MENNINGARSJÓÐUR STEFS

STEF styrkir innlenda menningarstarfsemi á ýmsan hátt í gegnum *Menningarsjóð STEFs*. Ekki er þó hægt að sækja um styrki í þennan sjóð, heldur styrkir hann föst verkefni samkvæmt ákvörðun stjórnar STEFs hverju sinni. Í samræmi við samþykktir STEFs skal af því fé sem samtökin innheimta greiða fyrst opinber gjöld og síðan allan rekstrarkostnað, en af því sem þá verður eftir skal af innlendum tekjum greiða allt að 10% til Menningarsjóðs STEFs, eftir nánari ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs samtakanna. Úr þeim sjóði er heimilt samkvæmt ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs á ári hverju að úthluta fé til starfsemi aðildarfélaga STEFs. Skulu félögin eiga jafnan rétt til úthlutunar, enda sé fjármununum varið til sambærilegrar starfsemi. Öll ráðstöfun fjár úr Menningarsjóði skal vera gegnsæ og tilgreind í ársreikningi samtakanna og skulu aðildarfélögin gera soérstalega grein fyrir ráðstöfun úthlutaðs fjár.

Tillag í Menningarsjóð nam 50,6 milljónum króna árið 2025. Af menningarframlaginu var úthlutað tæplega 11 milljónum til hvors aðildarfélags, *Félags tónskálda og textahöfunda (FTT)* og *Tónskáldafélags Íslands (TÍ)*.

Greinargerðir þeirra um ráðstöfun félaganna á framlaginu er að finna hér í skýrslunni.

Sundurgreining á notkun fjár úr Menningarsjóði kemur fram í ársreikningi og er sem hér segir:

<b>Menningarsjóður STEFs:</b>	<b>2025</b>	<b>2024</b>
Staða í ársbyrjun	1.054.123	1.706.419
Framlag STEFs	50.600.000	48.200.000
Til úthlutunar	51.654.123	49.906.419
Tillag til TÍ	10.937.534	10.441.464
Tillag til FTT	10.937.531	10.441.464
Framlag v. Samtóns	840.509	910.750
Framlag v. Dags íslenskrar tónlistar	408.330	1.081.058
Framlög v. Íslensku tónlistarverðlaunanna	6.883.195	5.817.576
Framlag v. Tónlistarmiðstöðvar	2.500.000	2.500.000
Framlög v. <i>Vindur í seglum</i>	0	600.000
Framlag í Upptökusjóð	8.000.000	7.000.000
Styrkir stjórnar	1.450.000	1.500.000
Framlag í Stórverkasjóð	4.760.000	4.400.000
Önnur framlög og kostnaðarþátttaka	3.013.986	4.159.984
<b>Úthlutað á árinu:</b>	<b>49.731.085</b>	<b>48.852.296</b>
<b>Staða í árslok:</b>	<b>1.923.038</b>	<b>1.054.123</b>

# RÁÐSTÖFUN MENNINGARFRAMLAGS AF HÁLFU AÐILDARFÉLAGA STEFS

## Félag tónskálda & textahöfunda (FTT) - Greinargerð v. 2025

FTT sinnti menningarhlutverki sínu með áframhaldandi þjónustu við félagsmenn, ásamt því að berjast fyrir réttindum höfunda á ýmsum vígstöðvum. Yfirvofandi gervigreindaryfirtaka í tónlistarheimum var nokkuð plássfrek í umræðu og starfi félagsins. Áskoranir voru sendar á fjölmiðla, framleiðslufyrirtæki og aðra aðila sem nýta tónlist í framleiðslu á sjónvarps- og kvikmyndaefni. Þar var hvatt til þess að íslensk frumsamin tónlist yrði sett í fyrsta sæti – og vitlíkið í aftursætið. Félagið sinnti fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við höfunda ásamt því að styrkja grasrót yngri höfunda, til dæmis með sérstökum höfundarverðlaunum á Músíktílaunum. Fundað var í Stokkhólmi með systurfélögum FTT á norðurlöndum á vettvangi NPU. Auk þess fóru fulltrúar félagsins á fundi evrópusamtakanna ECSA í Brussel og Ljubljana í Slóvenía.

Farið var í sérstaka menningarreisnu til Hafnarfjarðar. En slíkar ferðir út fyrir borgarmörkin hafa orðið að föstum lið hjá félaginu. Þar var meðal annars litið inn í hið fornfræga hljóðver Hjóðrita í Trönuhrauninu. Einnig var Bæjarbíó heimsótt þar sem hafnfirskt tónlistarfólk skemmti. Í stað hefðbundinnar garðveislu komu félagsmenn saman á tónleikastaðnum Byrd í ágústmánuði. Loks hefur félagið barist fyrir eflingu og styrkingu Tónlistarmiðstöðvar enda er rekstur hennar og öflugt starf lykilforsenda fyrir áframhaldandi uppgangi og velgengni íslenskrar tónlistar.

Menningarframlag STEFs 2025:	<b>10.937.534</b>	Útgöld:	
		Laun og launatengd gjöld	<b>6.191.975</b>
		Funda- og viðskiptakostnaður	<b>268.433</b>
		Ferðakostnaður	<b>738.705</b>
		Félags- og aðildargjöld	<b>203.167</b>
		Gjaldfærð áhöld og tæki	<b>635.748</b>
		Sími og skrifstofukostnaður	<b>254.144</b>
		Rekstur og tölvubúnaður heimasíðu	<b>376.782</b>
		Reikningsleg aðstoð	<b>438.216</b>
		Samtals:	<b>11.442.108</b>

# Tónskáldafélag Íslands (TÍ) - Greinargerð v. 2025

Menningarframlag STEFs til Tónskáldafélags Íslands fór í hefðbundinn rekstur félagsins, svo sem framkvæmdastjórn, stjórnarlaun, ferðalög, skrifstofukostnað, bókhald og frágang ársreiknings.

## Félagsstarf

Gunnhildur Einarsdóttir er eini starfsmaður félagsins. Hún er í 20% starfshlutfalli sem framkvæmdastjóri félagsins og öðrum 20% vegna framkvæmastjórnar á Myrkum músíkdögum.

## Myrkir músíkdagar

Mikilvægur þáttur í rekstri félagsins er tónstarhátíðin Myrkir músíkdagar. Laun framkvæmdastjóra hátíðarinnar eru greidd af rekstrarfé félagsins, en hátíðin er sjálfbær að öðru leiti. Hátíðin er gríðarlega mikilvæg fyrir þróun og vöxt samtímatónlistar á Íslandi og hefur skapað sér gott alþjóðlegt orðspor.

## Alþjóðlegt samstarf

Starf formanns félagsins felst að hluta til í að taka þátt í erlendu samstarfi, svo sem mæta á ISCM hátíðina sem fram fór í Lissabon í Portúgal síðastliðið haust. Formaður mætti einnig á fund Norrænu Tónskáldafélaganna sem haldinn var í Kaupmannahöfn. Þá ber að nefna samstarf Norrænna músíkdaga og Baltic Music Days, en formaður sótti síðarnefndu hátíðina í Vilnius á síðasta ári.

F.h. Tónskáldafélags Íslands




Páll Ragnar Pálsson, formaður




Svipmynd frá Myrkum músíkdögum 2026

# Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi 2025


## Rekstrartekjur 2025




## Rekstrargjöld 2025




## Tekjur að frádrögnum rekstrargjöldum 2025




## Hreinar tekjur 2025



## Úthlutanir – Eðli og dreifing




## Skipting rekstrartekna 2025



## Skipting bakgrunnstekna 2025

Samtals 326.027.682



## Upplýsingar um innlendar úthlutanir og frádráttarliði

Hér er getið sérstaklega nokkurra úthlutunar- og frádráttarliða í samræmi við tilskipun ESB um sameiginlega umsýslu höfundaréttargreiðslna. Að öðru leyti skal vísað í ársreikning STEFs, sem fyrir liggur á vefsíðu samtakanna ([www.stef.is](http://www.stef.is) > Um STEF).

Úthlutanir innanlands 2025:		Frádráttarliðir:
<b>112.257.503</b>	Úthl. v. útvarps og sjónvarps (þ.m.t. VOD)	20.4% kostn.hlutfall & 10% menningarframl
<b>155.531.001</b>	Aðrar „bakgrunnstekjur“	20.4% kostn.hlf. & 10% menningarframl.
<b>14.256.660</b>	Frumflutningur	0
<b>124.604.273</b>	Sala á hljóðritum & streymi (NCB og NMP)	Af NCB: 0% / Af NMP: 10% menn.framl. og 3% umsýslugjald
<b>56.214.919</b>	Lifandi flutningur (tónleikar & aðrar samkomur)	10% umsýslugjald *
<b>138.648.765</b>	Flutningur erlendis	3% umsýslugjald
<b>601.513.121</b>	Samtals	

\*Ath. á hvern lagalista sem úthutað er fyrir fá viðkomandi höfundar síðan 10% greitt ofan á úthlutun.

## Tekjur frá erlendum systursamtökum 2025

Erlend systursamtök innheimta höfundaréttindatekjur fyrir STEF, sem úthlutar þeim áfram til rétthafa STEFs. Erlendar flutningsréttartekjur 2025 skiptust svo á milli landa (af heild eru rúml. 28 millj. v. streymis):

Bandaríkin	41.715.323	Tékkland	684.536
Bretland	40.254.898	Írland	491.764
Þýskaland	22.087.333	Portúgal	387.831
Danmörk	16.942.609	Slóvakía	355.218
Svíþjóð	10.586.365	Litháen	346.386
Finnland	7.672.712	Ungverjaland	322.554
Holland	4.833.163	Nýja Sjáland	220.204
Ítalía	4.692.645	Chile	196.437
Sviss	4.154.205	Rúmenía	177.796
Kanada	3.320.325	Suður Afríka	172.502
Noregur	3.301.152	Tyrkland	170.963
Japan	3.208.712	Lettland	169.883
Belgía	3.146.944	Grikkland	163.709
Ástralía	2.244.023	Hong Kong	113.616
Pólland	1.887.061	Krótía	103.054
Austurríki	1.830.056	Slóvenía	83.667
Spánn	1.023.684	Taiwan	82.481
Búlgaría	935.494	Kólumbía	43.930
Brasilía	742.977	Malasía	31.244
Eistland	736.824	<b>Samtals:</b>	<b>179.634.280</b>

Athygli er vakin á því að systursamtök okkar í Frakklandi, Sacem, hafa undanfarna mánuði átt í deilum við frönsk skattayfirvöld um túlkun reglna er lúta að greiðslum milli landa. Sökum þess ákvað Sacem í fyrra að frysta greiðslur til systursamtaka uns niðurstaða fæst í þessar deilur. Vonir eru bundnar við að málið leysist farsællega á næstunni.

## Aðrar tekjur en flutningstekjur

Frá *Sambandi flytjenda og hljómplötframleiðenda* (SFH) þiggur STEF þóknun fyrir innheimtu SFH-gjalda, sem STEF innheimtir af viðskiptavinum samhliða innheimtu höfundaréttargjalda. Þær tekjur dragast frá rekstrargjöldum áður en til frádráttar kemur frá réttindatekjum, sem og hlutdeild í úthlutun IHM vegna eintakagerðar til einkanota, sem úthlutað er saman með flutningsréttindum fyrir bakgrunnstónlist. Þá tekur STEF á móti úthlutunum nokkurra umsýslustofnana sem og umsömdum greiðslum og ráðstafar áfram með úthlutunum úr hinum ýmsum sjóðum, en af þeim úthlutunum (sértekjum) er ekki dregið rekstrar-, eða umsýslugjald, né framlag í Menningarsjóð. Þessar tekjur eru tilgreindar í ársreikningi og eru:

Aðrar tekjur frá umsýslustofnunum 2025:	
35.730.267	Úthlutun frá IHM, vegna eintakagerðar til einkanota
33.574.760	Innheimtuþóknun frá SFH (Samb. flytj. & hljómpl.framl.)
Sértekjur Tónmenntasjóða 2025:	
15.238.832	Úthlutun frá FJÖLÍS (Nótnasjóður)
17.488.340	Úthlutun frá IHM, vegna kapalútvarps (Upptökusjóður)
17.237.677	Sértekjur frá RÚV (Tónskáldasjóður RUV & STEFs)
3.000.000	Sértekjur, framl. STEFs (Tónskáldasj. Bylgj. & St. 2)
Ógreiddar úthl. við áramót 2025-26:	
92.599.849	Ógreitt vegna úthlutana
44.776.950	Ógreiddur staðgreiðsluskattur af úthlutunum
259.712.989	Ógreidd erlend úthlutun (STIM)
397.089.788	Samtals ógreitt um áramót


## Upplýsingar um meðlimi og skráningar 2025

Fjöldi höfunda á skrá í lok árs 2025	11.415
Nýir höfundar á árinu 2025	285
Fjöldi verka á skrá í lok árs 2025	129.678
Fjöldi verka með skráðan flutning á árinu 2025	16.809
Fjöldi höfunda sem fengu úthlutað á árinu 2025	4.374


## Nýskráðir höfundar - Tölfræði

Tölfræðimolar geta verið áhugaverðir. Á síðasta ári skráðu sig 395 nýir meðlimir í STEF. Karlar voru 72,5%, konur 26,7%, en um 0,7% kynsegin. Nýir meðlimir áttu samtals aðild að 1.867 verkum á skrá í lok 2025. Til gamans má hér sjá aldursdreifingu hinna nýju höfunda, sem og búsetudreifingu (námundað). Þess má og geta, að af nýskráðum höfundum í Reykjavík búa um 23% í pósthúsnúmerinu 101 og um 18 af hundraði í 105.

### NÝSKRÁÐIR HÖFUNDAR 2025: DREIFING EFTIR BÚSETU




### ALDURSDREIFING NÝSKRÁÐRA MEÐLIMA 2025



## Kynjagreining 2026

Árlega gerir STEF greiningu á kynjahlutfalli tónhöfunda. Smám saman hefur kvenhöfundum fjölgað og eru konur nú rúmlega fimmtungur félagsmanna, styttist raunar í fjórðunginn. Í fyrra voru konur þó rúmlega fjórðungir nýskráðra. Úthlutun til kvenhöfunda eykst ár frá ári. Glöggir taka e.t.v. eftir því að ögn vantar upp á 100% í samlagningu, en það skýrist af kynsegin höfundum, sem eru innan við prósent.



## Um starfsemi stjórnar og starfsfólk STEFs

Á starfsárinu voru haldnir níu stjórnarfundir og tveir fulltrúaráðsfundir. Meðaltal stöðugilda á skrifstofu STEFs var 11,1 á starfsárinu. Á skrifstofunni starfa fjórir í þjónustudeild, tveir starfsmenn í sölu- og innheimtudeild og fimm í stoðhlutverkum, en einn þeirra aðstoðar einnig bæði þjónustudeild og sölu- og innheimtudeild. Eru 10 starfsmenn nú í fullu starfi og einn í 75% starfi. Meðaltal stöðugilda á árinu var þó sem fyrr segir hærra, sem skýrist af mannbreytingum og að hluta til var verið að greiða laun í uppsagnarfresti samhliða því að nýr starfsmaður hafði komið í sama starf.



Briet Ísis og Þormóður Eiríksson koma myndum sínum haganlega fyrir á „Langspilsveggnum“

## Frá afhendingu vorstyrkja 2025 og 2026





21. maí 2025